



Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Áritun og skýrsla stjórnar og forstjóra	1
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Aðrar upplýsingar - óendurskoðað	
Yfirlýsing um stjórnarhætti	36

Áritun og skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Borgunar hf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á.

Borgun hf. er fjármálafyrirtæki, með starfsleyfi sem lánastofnun, er starfar á sviði greiðslumiðlunar og sérhæfir sig í færsluhirðingu fyrir seljendur og útgáfupjónustu við útgefendur greiðslukorta. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðureikningi bankans.

Borgun hf. á allt hlutafé í B-Payment Szolgaltato Zrt. B-Payment samstæðan er með starfsemi í Ungverjalandi, Tékklandi, Slóvakíu og Króatíu. Borgun hf. gerir ekki samstæðureikning þar sem það er sjálft hluti af samstæðureikningi Íslandsbanka hf.

Stjórn setur félaginu áhættustefnu. Félagið hefur skilgreint áhættuþætti í rekstri sem eru útlánaáhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta og lausafjáraáhætta og fjallað er um nánar í skýringu 22. Hjá félaginu starfar áhættustjóri sem hefur það hlutverk að meta og hafa eftirlit með áhættu sem að félaginu kann að steðja.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap ársins 2019 880 milljónir króna, samanborið við tap árið áður upp á 1.079 milljónir króna. Þrátt fyrir áframhaldandi taprekstur og ýmsa neikvæða ytri þætti, hefur mikið unnist í átt að bættum rekstri á árinu 2019. Hreinar þjónustutekjur vegna færsluhirðingar á lykilmörkuðum jukust verulega milli ára og vega þar þýngst endursamningar við viðskiptaaðila en jafnframt innleiðing á nýjum lögum um milligjöld sem tóku gildi síðari hluta árs og höfðu jákvæð áhrif á árinu. Þessar lagabreytingar munu halda áfram að hafa jákvæð áhrif á árinu 2020. Vöxtur á útlánum skilaði félaginu auknum vaxtatekjum en lækkandi vaxtastig og lægri markaðshlutdeild á Íslandi hafði þau áhrif að heildarvaxtatekjur lækkuðu um 101 milljón króna, samanborðið við árið á undan. Ákvörðun frá seinnihluta árs 2018, um að segja upp öllum seljendum sem rúmast ekki innan áhættustefnu félagsins heldur áfram að vega þungt á rekstrarniðurstöðu ársins 2019 og skilar sér í lækkun á hreinum þjónustutekjum frá fyrra ári. Óreglulegir liðir tengdir endurkröfum og skyldum þáttum höfðu neikvæð áhrif á niðurstöðu ársins. Ofangreint leiddi til þess að tap félagsins minnkaði um tæpar 200 milljónir króna, samanborið við árið áður. Áætlanir gera ráð fyrir að félagið muni skila hagnaði á rekstrarárinu 2020.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 22,1 milljörðum króna og bókfært eigið fé í árslok er 6,7 milljarðar króna. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal lágmarks eigið fé félagsins vera 1.165 milljónir króna, sjá nánar skýringu 21. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 20,5% en lágmarkshlutfall samkvæmt lögum er 8%. Markmið félagsins er að á hverjum tíma skuli eiginfjárlutfall félagsins ekki fara undir 20%. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2020. Stjórn mun leggja fram tillögu þess efnis á aðalfundi félagsins.

Á árinu störfuðu að meðaltali hjá félaginu 138 starfsmenn, 57% konur og 43% karlar og námu laun og launatengd gjöld samtals 1.965,5 milljónum króna. Í lok árs voru með forstjóra 12 starfandi forstöðumenn og framkvæmdastjórnar og var hlutfallið þannig að 33% voru konur og 67% karlar. Í stjórn félagsins eru fimm aðalmenn og tveir til vara. Kynjahlutföll stjórnar eru þannig að aðalmenn eru 60% karlar og 40% konur. Kynjahlutföll varamanna í stjórn eru 50% konur og 50% karlar.

Um fjöllum um málaferli er í skýringu 24 um óvissar skuldir í ársreikningnum og um fjöllum um óvissu vegna breytingu laga um virðisaukaskatt er í skýringu 25.

Áritun og skýrsla stjórnar og forstjóra, frh.

Samkvæmt samþykktum félagsins nam hlutafé félagsins 441 milljón króna að nafnverði í lok ársins og voru hluthafar í félaginu 44 í upphafi árs og lok árs. Hluthafar eru eftirfarandi:

Íslandsbanki hf.	63,47%
Eignarhaldsfélagið Borgun slf.	32,48%
BPS ehf.	2,00%
Vetragil ehf.	0,96%
P 126 ehf.	0,15%
Fasteignafélagið Auðbr. 17 ehf.	0,14%
Kæjukot ehf.	0,14%
Björgvin Áskelsson	0,08%
Bergþóra K. Ketilsdóttir	0,07%
Ingimundur Sigurpálsson	0,05%
Aðrir hluthafar (34 talsins)	0,45%

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2019, rekstrarafkomu félagsins og breytingum á handbæru fé á árinu 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn Borgunar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. janúar 2020

Elín Jónsdóttir

Ari Daníelsson

Halldór Kristjánsson

Björg Sigurðardóttir

Óskar Veturliði Sigurðsson

Forstjóri:

Sæmundur Sæmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Borgunar hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Borgunar hf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Borgun hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að meta rekstrarhæfi Borgunar hf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýst um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum.

Reykjavík, 30. janúar 2020



Ásbjörn Björnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu árið 2019

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrarreikningur

Hreinar vaxtatekjur	Skýr.	2019	2018
Vaxtatekjur		903.417	1.015.738
Vaxtagjöld		(15.416)	(26.490)
	6	<u>888.000</u>	<u>989.248</u>
Hreinar þjónustutekjur			
Þjónustutekjur	7	9.610.773	9.233.347
Þjónustugjöld		(8.151.673)	(8.206.264)
		<u>1.459.100</u>	<u>1.027.083</u>
Tekjur af fjáreignum og aðrar tekjur			
Hreinar tekjur af fjáreignum	8	3.496	17.929
Hreinn gjaldeyrismunur		9.841	(19.924)
Aðrar tekjur		2.287	2.542
Áhrif dótturfélaga	15	(14.003)	14.003
		<u>1.620</u>	<u>14.551</u>
Hreinar rekstrartekjur		2.348.721	2.030.882
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	(1.965.460)	(2.039.856)
Annar rekstrarkostnaður		(1.161.196)	(1.137.754)
Afskriftir	16, 17	(139.851)	(134.733)
		<u>(3.266.507)</u>	<u>(3.312.343)</u>
Virðisrýrnun útlána og annarra eigna	11, 13	(183.010)	(78.232)
Tap fyrir skatta		(1.100.796)	(1.359.693)
Tekjuskattur	12	220.381	280.525
Tap ársins		(880.415)	(1.079.169)
Önnur heildarafkoma			
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:			
Hrein virðisbreyting á gangvirði	14	<u>1.236.307</u>	<u>579.725</u>
Heildarafkoma ársins		<u>355.892</u>	<u>(499.444)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Handbært fé		7.606.666	14.466.106
Kröfur á lánastofnanir		519.088	890.372
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki		2.051.732	2.849.464
Tryggingar vegna alþjóðlegra kortafyrirtækja		950.551	1.234.498
Útlán til viðskiptavina	13	5.149.122	3.998.983
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	14	28.227	394.210
Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	14	3.198.004	1.842.132
Dótturfélag	15	306.707	319.259
Óefnislegar eignir	16	131.302	129.013
Varanlegir rekstrarfjármunir	17	1.105.102	1.082.885
Tekjuskattsinneign	12	439.921	210.846
Aðrar eignir	18	630.558	1.019.998
Eignir samtals		22.116.979	28.437.766
Skuldir			
Skuldir við seljendur		14.699.834	20.746.041
Lántaka	19	1.325	405.043
Aðrar skuldir	20	716.239	942.992
Skuldir samtals		15.417.398	22.094.077
Eigið fé			
Hlutafé		441.017	441.017
Yfirverðsreikningur		56.806	56.806
Bundnir eiginfjárreikningar		110.254	124.258
Gangvirðisreikningur		2.220.010	983.703
Óráðstafað eigið fé		3.871.495	4.737.907
Eigið fé samtals	21	6.699.581	6.343.690
Eigið fé og skuldir samtals		22.116.979	28.437.766

Yfirlit um sjóðstreymi 2019

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2019	2018
Tap ársins.....		(880.415)	(1.079.169)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Tap af sölu á varanlegum rekstrarfjármunum		0	4.372
Virðisrýrnun útlána	11	183.010	78.232
Afskriftir	16, 17	139.851	134.733
Hreinn gjaldeyrismunur		(9.841)	19.924
Hreinar vaxtatekjur	6	(888.000)	(989.248)
Matsbreyting og söluhagnaður á fjáreignum á gangvirði	8	10.661	(4.866)
Tekjuskattsinnæign, breyting		(220.282)	(276.427)
Áhrif dótturfélaga	15	14.003	(14.003)
Aðrir reiknaðir liðir		(28.222)	0
Rekstrarhreyfingar samtals		(1.679.235)	(2.126.451)
Kröfur á lánastofnanir, breyting		398.836	(475.659)
Útlán, breyting		(1.251.789)	70.965
Kröfur á alþjóðakortafyrirtæki, breyting		797.732	231.343
Aðrar eignir, breyting		592.028	(492.942)
Viðskiptareikningar og aðrar skuldir, breyting		(6.274.964)	(2.779.125)
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda samtals		(5.738.157)	(3.445.417)
Innheimtar vaxtatekjur		875.864	991.704
Greidd vaxtagjöld		(14.014)	(23.266)
Greiddir skattar		0	(18.676)
Handbært fé til rekstrar		(6.555.541)	(4.622.106)
Fjárfestingarhreyfingar			
Seldar fjáreignir á gangvirði		294.070	725.629
Keypt í dótturfélagi		(54.596)	(171.713)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	16, 17	(144.693)	(70.430)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	16, 17	0	9.865
Fjárfestingarhreyfingar		94.781	493.351
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka, breyting	19	(432.070)	18.726
Fjármögnunarhreyfingar		(432.070)	18.726
Lækkun á handbæru fé		(6.892.830)	(4.110.029)
Handbært fé í ársbyrjun		14.466.106	18.659.918
Gengismunur vegna handbærs fjár		33.391	(83.782)
Handbært fé í lok ársins		7.606.666	14.466.106
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Eftirfarandi liðir koma ekki fram í sjóðstreyminu:			
Kaup í dótturfélagi		0	(53.144)
Skuld vegna kaupa í dótturfélagi		0	53.144

Yfirlit um eigið fé

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Breytingar á eigin fé 2018

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Aðrir bundnir eiginfjár- reikningar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	441.017	56.806	514.232	5.812.538	6.824.593
Tap ársins.....	0	0	0	(1.079.169)	(1.079.169)
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga	0	0	14.003	(14.003)	0
Hrein virðisbreyting á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.....	0	0	579.725	0	579.725
Uptaka á nýjum reikningssskilastöðlum	0	0	0	18.541	18.541
Eigið fé 31/12	441.017	56.806	1.107.960	4.737.907	6.343.690

Breytingar á eigin fé 2019

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Aðrir bundnir eiginfjár- reikningar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	441.017	56.806	1.107.960	4.737.907	6.343.690
Tap ársins.....	0	0	0	(880.415)	(880.415)
Bakfærð hlutdeild í hagnaði dótturfélags	0	0	(14.003)	14.003	0
Hrein virðisbreyting á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.....	0	0	1.236.307	0	1.236.307
Eigið fé 31/12	441.017	56.806	2.330.264	3.871.495	6.699.581

Aðrir bundnir eiginfjárreikningar greinast þannig í lok árs:

	2019	2018
Gangvirðisreikningur	2.220.010	983.703
Lögbundinn varasjóður	110.254	110.254
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga	0	14.003
	2.330.264	1.107.960

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

1. Starfsemi

Borgun hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Ármúla 30, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf., sem er með aðsetur að Hagasmára 3, 201 Kópavogi og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðureikningi bankans.

Tilgangur félagsins er að reka alhliða greiðslumiðlun, markaðsstarf vegna greiðslumiðla, hvort sem þeir eru gefnir út í nafni félagsins eða af öðrum með leyfi félagsins, að veita viðtöku færslum frá seljendum og annast uppgjör við þá, svo og að tengjast öðrum greiðslumiðlunarkerfum, innlendum og erlendum. Ennfremur þjónusta við útgefendur greiðslumiðla, lánastarfsemi í formi neytendalána, innheimtustarfsemi, rekstur umboðsskrifstofu, m.a. fyrir erlend greiðslumiðlunarfélög og annar skyldur rekstur.

Félagið er skráð sem lánafyrirtæki og með starfsleyfi frá Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu).

2. Grundvöllur reikningsskila

2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur Borgunar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á.

Þar sem félagið er hluti af samstæðu Íslandsbanka hf. hefur verið ákveðið að nýta sér undanþágu skv. IFRS 10 (4. gr.) og 3. mgr. í 69 gr. laga nr. 3/2006 og útbýr félagið ekki samstæðureikning.

Reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í árschlutareikningnum að undanskildu því að félagið beitti í fyrsta sinn áhættuvarnarreikningsskilum þann 1.1.2019 og félagið tók upp IFRS 16 frá sama tíma.

Ársreikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins þann 30. janúar 2020.

2.2 Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi frá og með reikningsárinu sem hófst 1. janúar 2019 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem hafa verið gefnar út og taka gildi 1. janúar 2020 og síðar, en heimilt er að taka upp fyrr. Félagið hefur tekið upp, í fyrsta skipti, IFRS 16 Leigusamningar. Staðallinn tók gildi 1. janúar 2019.

IFRS 16 innleiðir eitt leigusamningslíkan fyrir leigutaka. Í því felst að leigutaki færir í efnahagsreikning nýtingarrétt að eign, sem endurspeglar rétt hans til að nýta undirliggjandi eign, og leiguskuld, sem endurspeglar skuldbindingu vegna framtíðarleigugreiðslna. Leigutaki færir í rekstrarreikning afskriftir af nýtingarétti eignar og vaxtagjöld af leiguskuld. Valkvæðar undanþágur frá þessu líkani eru hins vegar að finna í staðlinum vegna skammtímaleigusamninga og leigusamninga þar sem verðmæti nýtingarréttis eignar er óverulegt. Áhrif af upptöku staðalsins þann 1. janúar 2019 voru óveruleg.

2.3 Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur og fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eru færðar á gangvirði og dótturfélög eru metin skv. hlutdeildaraðferð. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

2.4 Framsetningar- og starfsrækslugjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

2.5 Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi félagsins. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur félagsins sé tryggður og það sé vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Ársreikningurinn er því settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað. Eftirfarandi eru þeir þættir sem taldir eru mikilvægir og stjórnendur hafa þurft að draga fram ályktanir við mat á þessum eignum.

3.1 Virðisrýrnun lána

Við mat á virðisrýrnun útlána byggja stjórnendur mat sitt á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanir sem notaðar eru við að meta framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn á milli áætlaðs taps og raunverulegs taps. Matið byggir einnig á væntri þróun á almennu efnahagsástandi í landinu, þá helst spá um atvinnuleysi og kaupmátt. Sjá nánar í skýringu 11 og 13.

3.2 Gangvirði fjáreigna í gegnum aðra heildarafkomu

Þar sem ekki er hægt að byggja mat á gangvirði fjáreigna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu á skráðu gengi á markaði þá er matið byggt á skráðu gengi svipaðrar eignar og áætluðu núvirtu virði eignarinnar. Sjá nánar í skýringu 14.

3.3 Mat á eignarhluta í dótturfélagi

Bókfært virði dótturfélags skiptist annars vegar í hlutdeild í eigin fé þess og yfirverðs. Á hverjum uppgjördsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun en annars er framkvæmt virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti á 3-5 ára fresti sem byggir fyrst og fremst á rekstrarárangri dótturfélagsins og rekstraráætlunum næstu ára. Sjá nánar í skýringu 15.

3.4 Mat á tekjuskattsinneign

Mat á nýtingu tekjuskattsinneignar byggir að mestu leyti á rekstraráætlunum stjórnenda. Mat á virðisrýrnun tekjuskattsinneignarinnar byggir aðallega á mati stjórnenda hvort rekstrarafkoma næstu ára sé nægileg til að nýta að fullu yfirfæranlegt tap. Sjá nánar í skýringu 12.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

4. Reikningsskilaaðferðir

4.1 Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskilatímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning, nema gengismunur vegna eignarhluta í erlendum félögum sem flokkast sem fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og áhættuvörn tengd eigninni, en hann er færður á aðra heildarafkomu, sem hluti af gangvirðisbreytingum hlutabréfanna. Nánari upplýsingar um hvaða gengi voru notuð má finna í skýringu nr. 22.2.2.

4.2 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Vaxtagjöld

Vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti.

4.3 Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Þjónustutekjur

Félagið veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem það fær greitt fyrir. Meðal tekna eru umboðslaun og aðrar þjónustutekjur vegna kortaviðskipta auk annarra tekna. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Færsluhirðing

Helstu tekjur færsluhirðingar skiptast í:

- Seljendapóknun vegna færsluhirðingar
- Útleigu posa
- Færslugjöld kredit- og debetkorta

Útgáfuþjónusta

Helstu tekjur útgáfuþjónustu skiptast í:

- Milligjöld frá færsluhirðum
- Árgjöld, færslugjöld og uppgjörsgjöld
- Gengisábyrgðarpóknun

Aðrar tekjur

Helstu tekjur sem flokkast sem aðrar tekjur:

- Tekjur vegna reikningsviðskipta
- Uppgjörsgjöld vegna útlána

Þjónustugjöld

Þjónustugjöld eru að stærstum hluta milligjöld (e. interchange fees) vegna kortaviðskipta sem greidd eru útgefendum greiðslukorta og gjöld til alþjóðlegra kortasamsteypa.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

4.4 Tekjuskattur

Tekjuskattsinneign

Tekjuskattsinneign stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsinneign miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

4.5 Fjármálagerningar

4.5.1 *Almennt*

Flokkun og mat

Fjármálagerningar eru upphaflega skráðir á þeim viðskiptadegi sem félagið gerist aðili að gerningnum. Flokkun fjármálagerninga ákvarðar hvernig þeir eru metnir við upphaflega skráningu í ársreikninginn og hvernig þeir skulu metnir eftir upphaflega skráningu. Skyld er að endurflokka fjármálagerning milli flokka ef markmið viðskiptalíkans hefur breyst frá upphaflegri skráningu þeirra og ef að veruleg breyting hefur orðið á starfsemi félagsins.

Fjáreignir eru flokkaðar í þrjá meginflokka:

Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði ef markmiðið er að eiga fjáreignina til gjalddaga og innheimta á tilsettum gjalddögum samningsbundnar greiðslur sem samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til fjárhæðarinnar sem fjáreign er metin á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbætti eða frádraginni uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta á öllum mismun milli upphaflegrar fjárhæðar og innlausnarfjárhæðarinnar (svo sem vegna afsláttar eða álags við útgáfu, þóknana og kostnaðar sem samofin eru aðferð virkra vaxta).

Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef markmiðið er að eiga fjáreignina til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á tilsettum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, sem og sölu fjáreignar.

Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar fjáreignir að undanskildum eignarhlutum í dótturfélögum sem færður er með hlutdeildaraðferð.

4.5.2 *Fjármálagerningar félagsins*

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast innstæður í lánastofnunum og innlán sem eru laus innan þriggja mánaða.

Útlán til viðskiptavina og kröfur

Útlán og kröfur eru upphaflega metin á gangvirði og því næst á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta sem sýnir bókfært virði, að teknu tilliti til virðisrýrnunar vegna útlánataps. Vextir af lánum og kröfum eru færðir undir vaxtatekjur. Útreikningarnir byggja á væntu framtíðar sjóðstreymi, þ.m.t. samningsbundnu sjóðstreymi eignarinnar og öllum kostnaði sem talinn er órjúfanlegur hluti virkra vaxta. Þessi fjárhæð inniheldur einnig viðskiptakostnað, allt álag eða frádrag. Virðisrýrnun er færð í samræmi við þriggja þrepa virðisrýrnunarlíkanið.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárfestingar í veltufjáreignum í formi hlutabréfa, skuldabréfa og eiginfjárgerninga eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Breytingar á gangvirði skuldabréfa og hlutabréfa metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru skráðar á hreinar tekjur af fjáreignum að frádregnum viðskiptakostnaði.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Áhættuvarnarreikningsskil

Félagið hefur skilgreint framvirka gjaldmiðlasamninga sem áhættuvarnir vegna eignar félagsins í fjáreign á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Breytingar á virði samningana eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu líkt og gangvirðisbreytingar af eigninni.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

Félagið hefur flokkað tiltekna eignarhluti í öðrum félögum sem fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, en þær eru fjáreignir sem eru ekki afleiður og félagið tilgreinir sem til sölu eða flokkar ekki í aðra flokka fjáreigna.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði sem rekja má beint til kaupa þeirra. Þær eru síðan metnar á gangvirði og gangvirðisbreytingar eru færðar á aðra heildarafkomu, þar með talinn gengismunur af eignarhlutum í erlendum félögum. Þaðan eru gangvirðisbreytingarnar færðar á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár þar til eignirnar eru afskráðar eða rýrna að virði.

Við afskráningu fjáreignar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eru uppsafnaðar gangvirðisbreytingar hennar millifærðar af gangvirðisreikningi yfir á óráðstafað eigið fé. Hagnaður eða tap af eigninni er aldrei færður í rekstrarreikning.

Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem skráðar eru á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðir eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Félagið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin sýnd í efnahagsreikningi ef, og aðeins ef, félagið hefur lagalegan rétt til jöfnunar fjárhæðanna og hún áformar annað hvort að gera upp á nettógrunni eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

4.6 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Mat félagsins á virðisrýrnun útlána tekur tillit til vænts útlánataps byggt á framtíðarhorfum. Það krefst töluverðs mats á því hvernig efnahagsþættir munu hafa áhrif á vænt útlánatap. Vænt útlánatap endurspeglar núvirði fjárvöntunar vegna vanefnda annað hvort vegna næstu 12 mánaða eða yfir væntan líftíma fjármálagerningsins, allt frá þeim tíma sem vanefnd á sér fyrst stað.

Mat á útlánatapi byggir á rauntapi ársins að teknu tilliti til helstu efnahagsstærða sem talið er að hafi áhrif á innheimtur útlánanna. Almennu byggir útreikningurinn á líkum á vanefndum, metnu tapi ef vanefnd verður og efnahagslegum þáttum.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Niðurfærsla vegna útlánaáættu er metin á hverjum reikningsskiladegi í samræmi við virðisrýrnunarlíkan vænts útlánataps sem byggir á þremur stigum. Niðurfærsluna skal annað hvort reikna sem 12 mánaða vænt útlánatap eða sem vænt útlánatap út líftíma eftir því á hvaða stig útlánið fellur undir.

Stig 1: Engin veruleg aukning í útlánaáættu. Lán þar sem útlánaáætta hefur ekki vaxið verulega frá seinasta mati fellur undir stig 1 og þar er niðurfærslan metin m.v. 12 mánaða vænt útlánatap.

Stig 2: Veruleg aukning í útlánaáættu. Lán þar sem útlánaáætta hefur vaxið verulega frá upphafi skráningar skal falla undir stig 2 og niðurfærsla metin m.v. tap út líftíma lánsins.

Stig 3: Lán þar sem lántaki er í verulegum vanskilum skal vera í stigi 3 og niðurfærslan skal metin sem vænt útlánatap út líftíma lánsins.

Hreyfingar milli stiga fara eftir því hvort að útlánaáætta gerningsins á reikningsskiladegi hafi aukist verulega miðað við upphaflega skráningu. Til dæmis:

- Umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda
- Samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól
- Félagið veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda
- Það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldprotta eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu
- Virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslega eign vegna fjárhagslegra vandræða lántakanda
- Greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi lánaflokks frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum eða almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

Endanlegar afskriftir útlána og krafna

Útlán og kröfur eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á að þau endurheimtist.

4.7 Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög sem félagið hefur yfirráð yfir fjárhags- og rekstrarstefnu. Yfirráð eru yfirleitt fyrir hendi þegar móðurfélag ræður yfir 50% eða meira af atkvæðamagni, þar á meðal mögulegum atkvæðisrétti, nema hægt sé að sýna fram á það með óbyggjandi hætti að það sé ekki raunin.

Eignarhlutur í dótturfélagi er upphaflega færður á kostnaðarvirði en svo tekur bókfært virði breytingum í samræmi við hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélagsins. Þegar hlutdeild félagsins í tapi er umfram eignarhlut þess í hlutdeildarfélagi er bókfært verð fært niður í núll og færslu frekara taps er hætt nema að því marki sem félagið hefur stofnað til lagalegra eða ætlaðra skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Ef hlutdeildarfélagið skilar hagnaði síðar byrjar félagið aftur að færa hlutdeild sína í þeim hagnaði en þó aðeins eftir að hlutdeild þess í hagnaðinum jafngildir hlutdeildinni í tapi sem ekki var færð. Hluti bókfærðs verðs er viðskiptavild sem varð til við kaupin. Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbinding um virðisrýrnun en annars er framkvæmt virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti á 3-5 ára fresti. Ef það hefur orðið virðisrýrnun er hún gjaldfærð meðal hlutdeildar í hagnaði eða tapi dótturfélags í rekstrarreikning.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

4.8 Óefnislegar eignir

Eignir eru skráðar meðal óefnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir eru færðar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Óefnislegar eignir eru afskrifaðar línulega á áætluðum nýtingartíma eignarinnar.

4.9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning. Hagnaður er færður á meðal annarra tekna en tap er fært meðal annars rekstrarkostnaðar.

4.10 Fjárskuldir

IFRS 9 gerir kröfu um að fjárskuldum sé skipað í tvo matsflokka, afskrifað kostnaðarverð og gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fjárskuldir félagsins eru einkum skuldir við seljendur og aðrar skuldir. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Fjárskuldir eru síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

Fjárhagslegar ábyrgðir

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda félagið til að endurgreiða tiltekna fjárhæð til handhafa ábyrgðar vegna taps sem hann verður fyrir þegar skuldari getur ekki staðið í skilum á gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagernings.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

5. Stórar áhættuskuldbindingar

Samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki nr. 161 frá 2002 eru stórar áhættuskuldbindingar skilgreindar sem skuldbinding vegna einstaks viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna ef hún nemur 10% eða meira af hæfu fjármagni.

Við uppgjör í færsluhirðingu til seljenda er félaginu oft nauðsynlegt að eiga umtalsverðar fjárhæðir í innstæðum hjá fjármálfyrirtækjum. Samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki má félagið ekki binda meira en annað hvort 25% af hæfu fjármagni fjármálfyrirtækis eða 10 milljarða kr., hvort sem nemur hærri fjárhæð. Áhættuskuldbinding gagnvart fjármálfyrirtækjum skal þó aldrei vera hærri en 100% af hæfu fjármagni. Innri reglur Borgunar hf. mæla fyrir um að hámarks áhættuskuldbinding gagnvart einum aðila fari aldrei yfir 25% af hæfu fjármagni og var Borgun hf. innan þeirra marka á árinu.

Félagið fylgist með þróun mótaðilaáhættu bæði gagnvart fjármálfyrirtækjum sem og öðrum aðilum.

6. Hreinar vaxtatekjur

Hreinar vaxtatekjur félagsins greinast þannig:

Vaxtatekjur	2019	2018
Handbært fé*	325.516	520.431
Útlán til viðskiptavina*	531.602	463.423
Tryggingar vegna alþjóðlegra kortafyrirtækja	20.357	16.192
Aðrar eignir	25.942	15.692
	<u>903.417</u>	<u>1.015.738</u>
Vaxtagjöld		
Lántaka	6.540	11.885
Önnur vaxtagjöld	8.877	14.605
	<u>15.416</u>	<u>26.490</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>888.000</u>	<u>989.248</u>

*Vextir reiknaðir með aðferð virkra vaxta.

7. Þjónustutekjur

Þjónustutekjur greinast þannig:

	2019	2018
Færsluhirðing	6.302.918	6.397.584
Útgáfuþjónusta	3.098.788	2.586.593
Aðrar tekjur	209.067	249.170
	<u>9.610.773</u>	<u>9.233.347</u>

8. Hreinar tekjur af fjáreignum

Hreinar tekjur af fjáreignum greinast þannig:

	2019	2018
Arður* af hlutabréfum	14.157	13.064
Matsbreyting fjáreigna	(10.661)	4.866
	<u>3.496</u>	<u>17.929</u>

* Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun	1.536.015	1.571.068
Lífeyrissjóðsiðgjöld	227.584	236.486
Launatengd gjöld	201.861	232.302
	<u>1.965.460</u>	<u>2.039.856</u>
Starfsmannafjöldi:		
Meðalfjöldi starfa	138	148
Stöðugildi í árslok	131	143

9.1 Launakjör stjórnar og stjórnenda

Laun og þóknunir til forstjóra og stjórnar greinast þannig:

	2019	2018
Sæmundur Sæmundsson, forstjóri	36.160	34.263
Haukur Oddsson, fv. forstjóri	24.704	24.711
Forstöðumenn og framkvæmdastjórar (12)	246.546	270.356
Elín Jónsdóttir, stjórnarformaður	9.760	6.800
Erlendur Magnússon, fv. stjórnarformaður	0	1.680
Ari Daníelsson, stjórnarmaður	7.920	4.600
Halldór Kristjánsson, varaformaður stjórnar	6.260	5.410
Óskar Veturliði Sigurðsson, stjórnarmaður	5.520	5.340
Björg Sigurðardóttir, stjórnarmaður	5.520	5.340
Sigrún Helga Jóhannsdóttir, fv. varaformaður stjórnar	0	1.110
Varamenn stjórnar	510	340
	<u>342.900</u>	<u>359.951</u>

10. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2019	2018
Endurskoðun ársreiknings	20.331	19.887
Könnun árshlutareiknings	5.007	4.704
	<u>25.338</u>	<u>24.591</u>

11. Virðisrýrnun útlána og annarra eigna

	2019	2018
Virðisrýrnun útlána á árinu	101.650	38.483
Önnur virðisrýrnun krafna á árinu	81.360	39.749
Virðisrýrnun útlána og annarra eigna skv. rekstrarreikningi	<u>183.010</u>	<u>78.232</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

12. Tekjuskattur

12.1 Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 220,4 millj. kr. Enginn tekjuskattur er til greiðslu á árinu 2020.

Greining á virku skatthlutfalli

	2019		2018	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(1.100.796)		(1.359.693)	
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	220.160	20,0%	271.939	20,0%
Arðstekjur undanþegnar sköttum	2.831	0,3%	2.613	0,2%
Hlutdeildartekjur dótturfélaga	(2.801)	(0,3%)	2.801	0,2%
Annað	190	0,0%	3.173	0,2%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>220.381</u>	<u>20,0%</u>	<u>280.525</u>	<u>20,6%</u>

12.2 Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign greinist þannig:

	2019	2018
Staða 1/1	210.846	(65.580)
Leiðrétt frá fyrra ári	(99)	(4.098)
Reiknaður tekjuskattur ársins	220.381	280.525
Tekjuskattur færður beint á eigið fé	8.793	0
Staða 31/12	<u>439.921</u>	<u>210.846</u>

Tekjuskattsinneign félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:

	2019	2018
Varanlegir rekstrarfjármunir	(23.393)	(35.821)
Frestun gengismunar	8.573	6.842
Útlán til viðskiptavina	(4.439)	(3.616)
Tímamismunur vegna framvirkra samninga	(22.234)	(25.672)
Yfirfæranlegt tap	481.414	269.113
Tekjuskattsinneign í árslok	<u>439.921</u>	<u>210.846</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

13. Útlán til viðskiptavina

13.1 Greining útlána til viðskiptavina

Útlán til viðskiptavina eftir lántakendum greinast þannig í árslok 2019:

	Einstaklingar	Fyrirtæki	Samtals
Útlán (Brúttó) - Stig 1	4.332.005	715.264	5.047.269
Útlán (Brúttó) - Stig 2	92.782	0	92.782
Útlán (Brúttó) - Stig 3	153.589	0	153.589
Brúttó fjárhæð útlána	4.578.376	715.264	5.293.640
Niðurfærsla - Stig 1	(42.238)	(7.849)	(50.087)
Niðurfærsla - Stig 2	(11.919)	0	(11.919)
Niðurfærsla - Stig 3	(82.512)	0	(82.512)
Heildarniðurfærsla	(136.668)	(7.849)	(144.518)
Bókfært verð	4.441.708	707.414	5.149.122
Heildarniðurfærsla sem hlutfall af heild	3,0%	1,1%	2,7%

Útlán til viðskiptavina eftir lántakendum greinast þannig í árslok 2018:

	Einstaklingar	Fyrirtæki	Samtals
Útlán (Brúttó) - Stig 1	3.184.918	793.869	3.978.787
Útlán (Brúttó) - Stig 2	40.270	0	40.270
Útlán (Brúttó) - Stig 3	94.575	0	94.575
Brúttó fjárhæð útlána	3.319.763	793.869	4.113.632
Niðurfærsla - Stig 1	(20.052)	(10.734)	(30.786)
Niðurfærsla - Stig 2	(8.054)	0	(8.054)
Niðurfærsla - Stig 3	(75.809)	0	(75.809)
Heildarniðurfærsla	(103.915)	(10.734)	(114.649)
Bókfært verð	3.215.848	783.135	3.998.983
Heildarniðurfærsla sem hlutfall af heild	3,1%	1,4%	2,8%

13.2 Afskriftareikningur útlána og krafna

Breytingar á afskriftareikningi útlána og krafna greinast þannig árið 2019:

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Staða 1. janúar 2019	30.786	8.054	75.809	114.649
Flutningur milli stiga	13	(1.978)	1.965	0
Afskrifað á árinu	0	0	(99.308)	(99.308)
Innborgað á árinu, áður afskrifað	0	0	27.526	27.526
Virðisrýrnun útlána og krafna á árinu	19.288	5.843	76.520	101.650
Staða 31. desember 2019	50.087	11.918	82.512	144.518

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Breytingar á afskriftareikningi útlána og krafna greinast þannig árið 2018:

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Staða 1. janúar 2018	57.606	8.992	28.897	95.496
Flutningur milli stiga	(11.901)	(1.858)	13.759	0
Afskrifað á árinu	0	0	(45.079)	(45.079)
Innborgað á árinu, áður afskrifað	0	0	25.750	25.750
Virðisrýmun útlána og krafna á árinu	(14.919)	920	52.482	38.483
Staða 31. desember 2018	30.786	8.054	75.809	114.649

14. Fjármálagerningar

14.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir skiptast í eftirfarandi flokka í árslok 2019:

Fjáreignir	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Gangvirði í gegnum heildar- afkomu	Samtals
Handbært fé	7.606.666	0	0	7.606.666
Kröfur á lánastofnanir	519.088	0	0	519.088
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki	2.051.732	0	0	2.051.732
Tryggingar vegna alþjóðl. kortafyrirtækja	950.551	0	0	950.551
Útlán til viðskiptavina	5.149.122	0	0	5.149.122
Fjáreignir á gangvirði	0	28.227	3.198.004	3.226.231
Aðrar fjáreignir	339.073	0	0	339.073
Samtals	16.616.231	28.227	3.198.004	19.842.462

Fjárskuldir

Skuldir við seljendur	14.699.834	0	0	14.699.834
Lántaka	1.325	0	0	1.325
Aðrar skuldir	716.239	0	0	716.239
Samtals	15.417.398	0	0	15.417.398

Fjáreignir og fjárskuldir skiptast í eftirfarandi flokka í árslok 2018:

Fjáreignir	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Gangvirði í gegnum heildar- afkomu	Samtals
Handbært fé	14.466.106	0	0	14.466.106
Kröfur á lánastofnanir	890.372	0	0	890.372
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki	2.849.464	0	0	2.849.464
Tryggingar vegna alþjóðl. kortafyrirtækja	1.234.498	0	0	1.234.498
Útlán til viðskiptavina	3.998.983	0	0	3.998.983
Fjáreignir á gangvirði	0	394.210	1.842.132	2.236.342
Aðrar fjáreignir	827.866	0	0	827.866
Samtals	24.267.289	394.210	1.842.132	26.503.630

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Fjárskuldir

Skuldir við seljendur	20.746.041	0	0	20.746.041
Lántaka	405.043	0	0	405.043
Aðrar skuldir	942.992	0	0	942.992
Samtals	<u>22.094.077</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>22.094.077</u>

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga, lán og kröfur, aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að fráreginni virðisrýmun.

14.2 Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga, færða á gangvirði, flokkaða eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: gangvirðismatið byggir á uppgefnu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).

Stig 3: gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Félagið metur í lok hvers árs hvort eignir og skuldir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa, með því að yfirfara flokkunina og er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

31. desember 2019	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreig. á gangv. í gegnum aðra heildarafk.	82.948	0	3.115.056	3.198.004
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	28.227	0	0	28.227
	<u>111.175</u>	<u>0</u>	<u>3.115.056</u>	<u>3.226.231</u>

31. desember 2018

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreig. á gangv. í gegnum aðra heildarafk.	0	0	1.842.132	1.842.132
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	394.210	0	0	394.210
	<u>394.210</u>	<u>0</u>	<u>1.842.132</u>	<u>2.236.342</u>

Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu sem félagið á flokkast allar í stig 3, þ.e.a.s. gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Stærsta eignin í þeim flokki eru forgangshlutabréf í C flokki í Visa Inc. sem félagið eignaðist þegar það seldi hlut sinn í Visa Europe Ltd. á árinu 2016. Bréfin eru háð sölutakmörkunum og hefur Visa Inc. heimild til að breyta forgangsbréfum í almenn bréf á árunum 2020 til 2028. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum gæti þurft að skila þeim. Gangvirði bréfanna var metið með því að horfa til nýjasta markaðsvirðis almennra bréfa í Visa Inc. á NYSE og færa þau niður um tæplega 24% vegna óvissu um endanlegan fjölda hlutabréfa sem félagið mun fá og óvissu um seljanleika. Breyting á gangvirði frá árslokum 2018 til 31. desember 2019, nam 1,24 ma. kr., og er færð á gangvirðisreikning meðal eigin fjár.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Hlutabréf í Visa Europe	3.115.056	1.842.132
Framvirkir gjaldeyrisviðskiptasamningar	82.948	0
	<u>3.198.004</u>	<u>1.842.132</u>

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Skráð erlend skuldabréf	0	265.852
Framvirkir gjaldeyrisviðskiptasamningar	28.227	128.358
	<u>28.227</u>	<u>394.210</u>

Framvirkir gjaldeyrisviðskiptasamningar eru gerðir til að verja félagið gegn myntgengissveiflum erlendra eigna félagsins.

14.3 Upplýsingar um gangvirði annarra fjármálagerninga

Gangvirði fjármálagerninga er verðið sem félagið fengi við sölu eignar eða þyrfti að greiða til uppgreiðslu skuldar í venjubundnum viðskiptum milli markaðsaðila á uppgjörstigi.

Neðangreind tafla sýnir gangvirði fjármálagerninga samanborið við bókfært verð þeirra.

	31.12.2019	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2018
	Bókfært virði	Gangvirði	Bókfært virði	Gangvirði
Handbært fé	7.606.666	7.606.666	14.466.106	14.466.106
Kröfur á lánastofnanir	519.088	519.088	890.372	890.372
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki	2.051.732	2.051.732	2.849.464	2.849.464
Tryggingar vegna alþjóðl. kortafyrirtækja	950.551	950.551	1.234.498	1.234.498
Útlán til viðskiptavina	5.149.122	5.149.122	3.998.983	3.998.983
Fjáreignir á gangvirði (rekstur)	28.227	28.227	394.210	394.210
Fjáreignir á gangvirði (heildarafk.)	3.198.004	3.198.004	1.842.132	1.842.132
Aðrar eignir	339.073	339.073	827.866	827.866
	<u>19.842.462</u>	<u>19.842.462</u>	<u>26.503.630</u>	<u>26.503.630</u>
Lántaka	1.325	1.325	405.043	405.043
	<u>1.325</u>	<u>1.325</u>	<u>405.043</u>	<u>405.043</u>

Útlán og lántaka félagsins eru með breytilega vexti og er óverulegur munur á bókfærðu virði og gangvirði. Þessir liðir, ásamt handbæru fé, falla undir stig 2 en aðrar eignir undir stig 3.

14.4 Áhættuvarnir

Til þess að mæta gjaldeyrisáhættu vegna bréfanna í VISA Inc. hefur félagið gert gjaldmiðlaskiptasamninga sem endurspeglar hverju sinni að fullu gangvirði bréfa í USD. Á árinu 2018 uppfylltu þessir samningar ekki öll skilyrði til þess að teljast áhættuvörn og færðust því virðisbreytingar á árinu 2018 í rekstrarreikning meðal hreins gjaldeyrismunar. Þann 1. janúar 2019 voru skilyrði áhættuvarnar uppfyllt og frá þeim tíma hafa virðisbreytingar áhættuvarnarinnar verið færðar á aðra heildarafkomu og færast þar á móti samsvarandi gengisbreytingum vegna eignarhluta í Visa Inc.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skilvirkni varnarinnar er skoðuð reglulega þar sem litið er á sambandið á milli gengisbreytinga á Visa eigninni og gengisbreytinga á gjaldmiðlaskiptasamningnum. Yfir árið er sambandið u.þ.b. 99% en þar sem söluhagnaður undirliggjandi eignar er ekki skattskyldur en söluhagnaður gjaldmiðlaskiptasamninga er skattskyldur myndast frávik á virkni upp á 20% af vörninni. Samningarnir eru gerðir til mánaðar í senn og framlengdir í lok hvers tímabils.

Á árinu 2018 var gengistap af gjaldmiðlaskiptasamningum 79,3 millj. kr. og færðist hann á meðal hreins gjaldeyrismunar í rekstrarreikningi. Frá því að tekin voru upp áhættuvarnarreikningskil hefur verið fært gengistap að fjárhæð 45,4 millj. kr. (fyrir skattáhrif) á aðra heildarafkomu.

15. Dótturfélag

Eignarhlutur félagsins í dótturfélagi samanstendur af öllu hlutafé í B-Payment Szolgaltato Zrt. B-Payment býður seljendum í Mið-Evrópu færsluhirðingarþjónustu fyrir hönd Borgunar hf.

B-Payment Szolgaltato Zrt. er staðsett í Ungverjalandi og á þrjú dótturfélög sem mynda samstæðu B-Payment. Nánari upplýsingar um félögin:

Dótturfélög B-Payment Szolgaltato Zrt.:	Land	Mynt	Starfssemi	Eignarhlutur
B-Payment s.r.o.	Tékkland	CZK	Söluskrifstofa	100%
B-Payment d.o.o.	Króatía	HRK	Söluskrifstofa	100%
B-Payment Slovenska s.r.o.	Slóvakía	EUR	Söluskrifstofa	100%

Eignarhlutir í dótturfélagi (samstæðu) og bókfært virði eignarhlutar greinist þannig:

B-Payment (samstæða)	2019	2018
Eignarhlutur	100%	100%
Heildartap (áætlað)	(63.094)	(97.056)
Eigið fé í árslok (áætlað)	(72.384)	(9.290)
Heildareignir (áætlað)	456.663	444.618
Heildarskuldir (áætlað)	529.047	435.328
Fenginn arður	0	0
Bókfært verð eignarhlutar	306.707	319.259

Kaupverð félagsins í B-Payment var allt yfirverð og samanstóð það af óefnislegum eignum (viðskiptavild). Borgun hf. færir eignarhlutinn í samræmi við hlutdeildaraðferð. Í bókhaldi skiptist eignarhluturinn í bókfært verð eigin fjár og viðskiptavild. Bókfært verð eigin fjár er 0 kr. en bókfært verð viðskiptavildar er 306,7 m.kr. Félagið færir hlutdeild frá þeim degi sem endanleg kaup áttu sér stað.

Eigið fé B-Payment í Ungverjalandi hefur verið neikvætt tvö ár í röð nú í árslok 2019. Vegna reglna í Ungverjalandi er stjórnendum skylt að bæta úr því. Stjórnendur hafa því ákveðið að ráðast í hlutafjárukningu þar sem hlutafé verður aukið um 250 m. HUF (103 m. ISK) í febrúar 2020.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

16. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð		
1. janúar 2018	193.182	193.182
Viðbætur	30.248	30.248
1. janúar 2019	223.430	223.430
Viðbætur	35.645	35.645
31. desember 2019	259.075	259.075
Uppsafnaðar afskriftir og virðisrýrnun		
1. janúar 2018	63.102	63.102
Afskriftir	31.315	31.315
1. janúar 2019	94.417	94.417
Afskriftir	33.356	33.356
31. desember 2019	127.773	127.773
Bókfært verð 31. desember 2019	131.302	131.302
Bókfært verð 31. desember 2018	129.013	129.013

Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar eru 5-10 ár sem byggir á mati stjórnenda á nýtingartíma hans.

Óefnisleg eign félagsins í hugbúnaði samanstendur af keyptum hugbúnaði.

17. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Nýtingarréttur eigna	Aðrir varanlegir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
1. janúar 2018	958.951	0	458.444	1.417.395
Viðbætur	7.982	0	32.200	40.182
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(84.498)	(84.498)
1. janúar 2019	966.932	0	406.146	1.373.079
Viðbætur	5.210	19.664	103.839	128.712
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(8.529)	(8.529)
31. desember 2019	972.142	19.664	501.456	1.493.261
Uppsafnaðar afskriftir og virðisrýrnun				
1. janúar 2018	63.548	0	193.488	257.036
Afskriftir	17.142	0	79.456	96.598
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(63.441)	(63.441)
1. janúar 2019	80.690	0	209.503	290.194
Afskriftir	27.758	1.889	75.996	105.642
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(7.676)	(7.676)
31. desember 2019	108.448	1.889	277.823	388.160
Bókfært verð 31. desember 2019	863.694	17.775	223.633	1.105.102
Bókfært verð 31. desember 2018	886.242	0	196.643	1.082.885
Fyrningahlutföll	2%	3% - 44%	20% - 33%	

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	31.12.2019	31.12.2018
Fasteignamat húseigna og lóða	692.615	689.525
Brunabótamat húseigna	983.340	946.660
Vátryggingarverð innréttinga, skrifstofubúnaðar og bifreiða	456.555	360.098

18. Aðrar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframgreidd gjöld	284.525	147.339
Krafa á Visa Inc.	0	407.755
Eignarhlutur í AUR app ehf.	50.000	50.000
Eignarhlutur í Tomato ehf.	15.000	15.000
Krafa á seljendur vegna posaleigu	48.862	119.865
Aðrar kröfur á seljendur	160.210	188.127
Aðrar kröfur og eignir	71.961	91.913
	<u>630.558</u>	<u>1.019.998</u>

19. Lántaka

Vaxtaberandi skuldir án veða í árslok greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við fjármálastofnanir í EUR	0	403.906
Skuldir við fjármálastofnanir í ISK	1.325	1.137
	<u>1.325</u>	<u>405.043</u>

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2019	31.12.2018
Næsta árs afborgun	1.325	1.137
Afborganir innan tveggja ára	0	403.906
	<u>1.325</u>	<u>405.043</u>

Greining lántöku:

	Fjárstreymi		Aðrar hreyfingar		31.12.2019
	1.1.2019	Breyting á árinu	Áfallnir vextir	Gengisbr.	
Lántaka ISK	1.137	188	0	0	1.325
Rekstrarlán EUR	403.906	(432.258)	5.264	23.088	0
Samtals skuld vegna lántöku	<u>405.043</u>	<u>(432.071)</u>	<u>5.264</u>	<u>23.088</u>	<u>1.325</u>

Greining lántöku:

	Fjárstreymi		Aðrar hreyfingar		31.12.2018
	1.1.2018	Breyting á árinu	Áfallnir vextir	Gengisbr.	
Lántaka ISK	3.913	(2.776)	0	0	1.137
Rekstrarlán EUR	379.180	0	3.197	21.529	403.906
Samtals skuld vegna lántöku	<u>383.093</u>	<u>(2.776)</u>	<u>3.197</u>	<u>21.529</u>	<u>405.043</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

20. Aðrar skuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptaskuldir	166.560	279.257
Ógreidd laun og launatengd gjöld	228.396	247.558
Áætlaður ógreiddur kostnaður	255.279	132.664
Ógreidd hlutafjárkaup	0	53.144
Aðrar skuldir	66.004	230.369
	<u>716.239</u>	<u>942.992</u>

21. Eigið fé

21.1 Eiginfjárstýring

Við mat á eiginfjárpörf miðar félagið við ákvæði laga um eiginfjárlutfall sem kveða á um 8% lágmarks eiginfjárlutfall í árslok 2019. Við mat á eiginfjárlutfallinu er farið eftir alþjóðlegum stöðlum um mat á eiginfjárlutfalli (Basel III / CRD IV).

Samkvæmt lögum skal eigið fé félagsins ekki vera lægra en 5 millj. evra. Eigið fé félagsins í árslok er 6.699,6 millj. kr. eða sem svarar til 49,5 millj. evra á gengi í árslok.

Heildareiginfjárra greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Útlánaáhætta	687.717	747.615
Markaðsáhætta	55.426	34.906
Rekstraráhætta	430.202	574.166
Lágmarks eiginfjárra skv. lögum	<u>1.173.345</u>	<u>1.356.686</u>
Lágmarks eigið fé, EUR 5.000.000 @ 135,45 / 132,86	677.250	664.300
Eiginfjárgrunnur	3.013.302	4.161.698
Eiginfjárlutfall	20,5%	24,5%

Eigið fé Borgunar hf. er umfram lögbindið lágmark. Ef reiknað er út frá kröfu um lágmarks eigið fé, að viðbættum eiginfjárukum ákvörðuðum af Fjármálaeftirlitinu, þá er eigið fé, notað til útreiknings á eiginfjárlutfalli, umfram lágmarkskröfu 1.147 millj. kr. Samkvæmt 85 gr. laga nr. 161/2002 skal draga frá eiginfjárgrunni bókfært virði á eignarhlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt 86. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal Borgun hf. viðhalda eiginfjárukum í samræmi við 86. gr. laganna og hefur Borgun hf. verið tilkynnt af Fjármálaeftirlitinu að eiginfjárukar skuli vera 4,25% sem skiptast í sveiflujöfnunar- og verndunarauka.

Félagið gerir árlega innra matsferli fyrir eiginfjárpörf - ICAAP (e. Internal Capital Adequacy Assessment Process). Samkvæmt síðustu skýrslu sem skilað hefur verið til Fjármálaeftirlitsins, var félagið vel í stakk búið til að mæta þeirri áhættu sem félagið stendur frammi fyrir með það eigið fé sem það hefur.

Samanburðarfjárhæð útlánaáhættu vegna fyrra árs lækkar um 180 m. kr. frá áður samþykktum ársreikning. Stafar það af breyttri áhættuvigt skammtímakrafna á fjármálafyrirtæki. Einnig lækkaði eiginfjárgrunnur um 340 m. kr. þar sem ekki höfðu verið dregnar frá tekjuskattsinnæign og ófnislegar eignir í útreikningi ársins 2018. Eiginfjárlutfall hækkar vegna þessa úr 23,4% í 24,5%.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

21.2 Hlutfé

Hlutfé greinist þannig í árslok:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	441.016.539	100%	441.017

Samkvæmt samþykktum félagsins nam hlutfé félagsins 441 millj. kr. að nafnverði í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allir útgefnir hlutir eru að fullu greiddir.

Í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki (3. mgr. 87. gr.) er gerð hér nánari grein á þeim sem eiga umfram 1% hlutfjár og sé viðkomandi lögaðili hver sé raunverulegur eigandi 10% hlutfjár eða meira í lögaðilanum.

Eigandi hlutfjár í Borgun	Hlutfall
Íslandsbanki hf.	63,47%
Íslenska ríkið	63,47%
Eignarhaldsfélagið Borgun slf.	32,48%
Einar Sveinsson (Ísland)	7,14%
Pétur Stefánsson (Ísland)	7,14%
BPS ehf.	2,00%
Bergþóra K. Ketilsdóttir (Ísland)	0,22%
Margrét Gunnarsdóttir (Ísland)	0,22%
Sigurður Guðmundsson (Ísland)	0,22%
Stefán K. Garðarsson (Ísland)	0,22%
Tómas Hallgrímsson (Ísland)	0,22%

Hlutföll einstaklinga er óbein eignaraðild þeirra í Borgun hf.

21.3 Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur inniheldur uppsafnaðar gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu þar til eignirnar eru afskráðar, virðisryrðar eða seldar.

22. Áhættustýring

Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur félagið frammi fyrir ýmsum tegundum af áhættu. Stjórnendur félagsins stjórna þessari áhættu og fer áhættumat fram með formlegum og skipulögðum hætti. Greining verulegra áhættuþátta er eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun sem og mæling áhættunnar, viðbrögð til að takmarka áhættuna og sífellt eftirlit með áhættunni. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta og lausafjárahætta. Fjallað er nánar um helstu áhættuþættina hér á eftir.

Áhættumat, einkum ákvörðun raungildis þess, ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna er eitt af helstu verkefnum fjármálafyrirtækja. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur félagsins. Það er stefna stjórnar félagsins að fylgst skuli sífellt með og helstu áhættuþáttum stjórnað, sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé félagsins. Árlega framkvæmir félagið innra mat á helstu áhættuþáttum og lausafjárahættu, svonefndum ICAAP/ILAAP skýrslum (Internal Capital and Liquidity Adequacy Assessment Process).

Framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits er í samræmi við þriggja þrepa eftirlitslíkan (e. Three lines of defence) sem ætlað er að stöðja við sterka áhættuvitund og skilvirkt áhættueftirlit. Fyrsta varnarlínan snýr að daglegum rekstri og samanstendur af tekju- og stoðeiningum félagsins. Önnur varnarlínan er áhættustýring og regluvarsla. Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Markmið með áhættustýringu er að greina helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi félagsins, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða og þannig finna ásættanlegt jafnvægi milli lágmörkunar áhættu annars vegar og hámmörkunar tekna félagsins hins vegar.

Stjórn félagsins setur áhættustefnu og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Forstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn og hefur eftirlit með því að reglum sé framfylgt.

Hjá félaginu starfar áhættustjóri sem ber ábyrgð á áhættustýringarsviði og skilgreinir dagleg verkefni sviðsins. Áhættustjóri er ábyrgur fyrir því að veita víðtækar upplýsingar og ráðgjöf um öll mál sem tengjast áhættustýringu innan Borgunar sem gerir stjórn, forstjóra og æðstu stjórnendum kleift að skilja heildaráhættu fyrirtækisins. Forstöðumenn og framkvæmdastjórnar sviða bera hver um sig ábyrgð gagnvart forstjóra á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa.

Áhættustjóri er óháður viðskiptaæiningum og heyrir beint undir forstjóra. Hann á sæti í öllum æðstu nefndum félagsins og hefur heimild til að deila álitinu sínu beint til forstjóra eða stjórnar þegar nauðsyn krefur.

Áhættustjóri er ráðinn af forstjóra með samþykki stjórnar og verður ekki vikið frá störfum án samþykkis stjórnar.

22.1 Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

Helsta útlánaáhætta félagsins verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Auk framangreindrar útlánaáhættu stendur félagið einnig frammi fyrir útlánaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttar úttektarheimilda og veittra ábyrgða.

Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns félagsins er mikilvægt að fylgst sé stöðugt með núverandi lánasafni og að farið sé vel yfir allar lánsútsóknir þar sem þeim er hafnað strax sem ekki uppfylla skilyrði til lánveitinga. Hins vegar er það ekki stefna félagsins að veita aðeins lán sem fylgir lítil áhætta, heldur er mikilvægt að vextir veittra lána endurspeglji bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknar að ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum er forsenda fyrir veitingu lána.

Félagið leggur áherslu á vel dreift útlánasafn og gæði útlána. Virkt eftirlit er með útlánaáhættu. Er það gert með tölulegri greiningu á lánasafninu, mati á áætluðu tapi, hugsanlegri áhættu í lánasafninu með tilliti til útlánaáhættu, áhættu í einstökum atvinnugreinum, o.s.frv. Einnig er fylgst með stöðu einstakra viðskiptamanna og fjallað um einstök vanskilamál. Lánaferlar eru til stöðugrar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánsútsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

Samkvæmt almennum lánareglum sem stjórn félagsins setur, takmarkast almenn lánaheimild forstjóra við 10% af eigin fé félagsins en eftir það fjallar stjórn um einstök mál. Forstjóri hefur framselt útlánaheimildir tilgreindra útlána til tiltekins starfsfólks. Öll lánamál utan heimilda starfsmanna koma til kasta lánanefndar, annað hvort til umræðu og ákvörðunar (stærri mál) eða til upplýsinga (minni mál). Í áhættustýringarreglum sem stjórn félagsins setur koma síðan fram skilyrði sem takmarka þessar almennu lánaheimildir forstjóra og annars starfsfólks.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:	31.12.2019	31.12.2018
Handbært fé	7.606.666	14.466.106
Kröfur á lánastofnanir	519.088	890.372
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki	2.051.732	2.849.464
Tryggingar vegna alþjóðlegra kortafyrirtækja	950.551	1.234.498
Útlán til viðskiptavina (einstaklingar)	4.441.708	3.215.848
Útlán til viðskiptavina (fyrirtæki)	707.414	783.135
Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	82.948	0
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	28.227	394.210
Aðrar eignir	339.073	827.866
	<u>16.727.406</u>	<u>24.661.499</u>

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan. Útlán félagsins eru dreifð á marga lántakendur en almennt eru ekki tryggingar að baki útlánum félagsins.

22.2 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er áhættan á að verðbreytingar og sveiflur á mörkuðum hafi óhagstæð áhrif á afkomu og eigið fé félagsins. Félagið skilgreinir helstu markaðsáhættur sem vaxtaáhættu, gjaldeyrisáhættu og hlutabréfaáhættu.

22.2.1 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhættu félagsins má að mestu leyti rekja til mismunar á vaxtaberandi eignum og skuldum en meginþorri eigna félagsins bera vexti á meðan stærstu skuldir, skuldir við seljendur, bera ekki vexti.

Í árslok eru engar verulegar verðtryggðar eignir eða verðtryggðar skuldir á efnahagsreikningi félagsins.

Helsta vaxtaáhætta félagsins er annars vegar hættan af töpuðum áætluðum tekjum sökum slakrar ávöxtunar bankainnstæðna og hins vegar af neikvæðum mun vaxtatekna og fjármögnunarkostnaðar í neytendalánastarfsemi.

Borgun hf. býður neytendalán. Stefna félagsins er að einungis lán sem veitt eru til skamms tíma beri fasta vexti. Lán sem veitt eru til lengri tíma eru ætíð með breytilegum vöxtum til að draga úr áhættu vegna vaxtabreytinga.

Misræmi er milli eigna og skulda þar sem stór hluti eigna ber vexti en skuldir ekki. Þetta orsakast fyrst og fremst af seinkun á uppgjörum til seljenda. Vaxtaáhætta félagsins er að hluta til háð tíðni uppgjöra við seljendur. Með því að auka tíðni uppgjöra mætti draga úr vaxtaáhættu en samhliða því eykst endurkröfuáhætta á móti.

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 25 og 50 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkan á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2019		31.12.2018	
	25 pkt	50 pkt	25 pkt	50 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	19.952	39.904	33.406	66.811

22.2.2 Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að sveiflur í gengi gjaldmiðla hafi neikvæð áhrif á afkomu eða eigið fé. Gjaldeyrisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum en þó á félagið töluvert af erlendum fjáreignum sem rekja má til umsvífa félagsins erlendis og tryggingastöðu hjá kortafélögnum. Samhliða auknum umsvifum í færsluhirðingu erlendis hefur gjaldeyrisáhætta vegna þjónustutekna félagsins aukist. Við veikingu á gengi íslensku krónunnar, gagnvart þeim erlendu myntum sem félagið stundar viðskipti með, hækka þjónustutekjur félagsins samhliða. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi og útreikning breytinga taka tillit til miðgengis.

	Árslokagengi		Meðalgengi		Breyting
	2019	2018	2019	2018	2019
EUR	135,83	133,23	137,30	127,73	7,5%
GBP	159,42	148,33	156,49	144,35	8,4%
DKK	18,18	17,84	18,39	17,14	7,3%
NOK	13,77	13,40	13,94	13,31	4,7%
SEK	12,99	13,02	12,97	12,46	4,1%
USD	121,10	116,33	122,65	108,38	13,2%
JPY	1,12	1,06	1,13	0,98	14,9%
CHF	125,14	118,23	123,46	110,72	11,5%
CAD	92,94	85,47	92,46	83,61	10,6%
HUF	0,41	0,42	0,42	0,40	5,4%
CZK	5,34	5,18	5,35	4,98	7,4%

Heildareignir í erlendum gjaldmiðlum samkvæmt ársreikningi nema 8.308 millj. kr. og heildarskuldir nema 7.740 millj. kr. í lok ársins. Í árslok var félagið með opna framvirka skuldastöðu í gjaldeyri að fjárhæð 3.839 millj. kr. Í lok árs 2018 námu heildareignir félagsins í erlendum gjaldmiðlum 10.162 millj. kr. og heildarskuldir námu 10.414 millj. kr.

Þann 31. desember 2019 var hlutfall gjaldeyrisjafnaðar 8,48% en árið áður nam hlutfallið -3,97% en skv. reglum Seðlabanka Íslands nr. 950/2010 segir að heildargjaldeyrisjöfnuður skuli hvorki vera jákvæður né neikvæður um hærrí fjárhæð en sem nemur 15% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem tilgreind eru skal þegar gripið til aðgerða til að koma honum innan marka. Miða skal við að jöfnuðurinn sé færður aftur innan tilskilinna marka, eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Gjaldeyrissáhætta 31.12.2019

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1.418.403	1.499.264	(80.861)
GBP	593.844	597.883	(4.039)
CHF	32.694	35.361	(2.667)
DKK	45.685	47.772	(2.087)
NOK	8.633	5.168	3.465
SEK	126.805	158.470	(31.666)
USD	5.069.155	4.698.761	370.394
CAD	810	2.185	(1.375)
JPY	13.592	15.597	(2.004)
AUD	482	102	380
HUF	386.568	343.407	43.161
CZK	367.197	262.038	105.159
RUB	0	7	(7)
PLN	660	0	660
RON	2.544	2.432	113
HRK	240.365	71.731	168.634
TRY	859	0	859
	<u>8.308.297</u>	<u>7.740.178</u>	<u>568.119</u>

Gjaldeyrissáhætta 31.12.2018

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	2.625.402	2.799.965	(174.563)
GBP	1.139.192	1.221.905	(82.712)
CHF	20.576	30.864	(10.287)
DKK	64.358	55.358	9.000
NOK	11.847	4.055	7.793
SEK	32.779	62.065	(29.286)
USD	3.979.294	3.888.384	90.909
CAD	11.239	30.957	(19.718)
JPY	240.543	278.575	(38.032)
AUD	962	515	446
HUF	1.800.285	1.880.763	(80.478)
CZK	227.922	154.246	73.676
RUB	0	118	(118)
PLN	645	7	638
RON	568	1.693	(1.124)
HRK	5.835	4.442	1.393
TRY	928	0	928
	<u>10.162.374</u>	<u>10.413.911</u>	<u>(251.537)</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 5% og 10% lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðlum á reikningsskiladegi. Í töflu hér á undan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, að undanskyldum eignarhlut félagsins í Visa Inc. í árslok 2019. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gjaldmiðlaáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé:

	31.12.2019		31.12.2018	
	5%	10%	5%	10%
EUR	(3.234)	(6.469)	(6.983)	(13.965)
GBP	(162)	(323)	(3.308)	(6.617)
CHF	(107)	(213)	(411)	(823)
DKK	(83)	(167)	360	720
NOK	139	277	312	623
SEK	(1.267)	(2.533)	(1.171)	(2.343)
USD	14.816	29.632	3.636	7.273
CAD	(55)	(110)	(789)	(1.577)
JPY	(80)	(160)	(1.521)	(3.043)
AUD	15	30	18	36
HUF	1.726	3.453	(3.219)	(6.438)
CZK	4.206	8.413	2.947	5.894
RUB	(0)	(1)	(5)	(9)
PLN	26	53	26	51
RON	5	9	(45)	(90)
HRK	6.745	13.491	56	111
TRY	34	69	37	74
	<u>22.725</u>	<u>45.449</u>	<u>(10.061)</u>	<u>(20.123)</u>

22.2.3 Hlutabréfaáhætta

Félagið á eignarhluti í dótturfélögum og öðrum félögum sem eru háðir hlutabréfaverðsáhhættu, sem er hætta á því að gangvirði eignarhlutanna muni sveiflast vegna breytinga á verði þeirra.

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum skiptist þannig í árslok:

	31.12.2019	31.12.2018
Eignarhlutir í óskráðum félögum	3.578.670	2.235.350
Samtals	<u>3.578.670</u>	<u>2.235.350</u>

Eignarhlutir í óskráðum félögum samanstanda af eignarhlut Borgunar hf. í Visa Inc. (forgangshlutabréf), B-Payment, Aur app ehf., Tomato ehf. og Reiknistofu bankanna hf. Eignarhlutur Borgunar hf. í Visa Inc. er flokkaður sem fjáreign á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Nánari upplýsingar um eignarhlutinn, koma fram í skýringu 14.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

22.3 Rekstraráhætta

Félagið skilgreinir rekstraráhættu sem áhættuna á fjárhagslegu tjóni sem kann að stafa af ófullnægjandi innri ferlum, fólki, kerfum eða vegna ytri atburða sem kunna að verða. Félagið skilgreinir helstu rekstraráhættu sem áhættu tengda upplýsingakerfum félagsins, áhættu tengda kjarnaferlum, endurkröfuáhættu, svikaáhættu, samþjöppunaráhættu, lagalega áhættu, hlítningaráhættu, orðsporsáhættu og uppgjörsáhættu vegna seljenda.

22.3.1 Rekstraráhætta upplýsingakerfa

Rekstraráhætta upplýsingakerfa er sú áhætta að mannleg mistök, bilanir eða ófyrirséðir atburðir hafi neikvæð áhrif á afkomu eða eigið fé. Hérna er einnig átt við náttúruhamfarir, hryðjuverk og skemmdarverk.

22.3.2 Rekstraráhætta kjarnaferla

Rekstraráhætta kjarnaferla er áhættan á neikvæðum áhrifum á afkomu eða eigið fé sökum þess að verkferlum sé ekki fylgt eða að þeir séu ófullnægjandi, þar með talið mannleg mistök, vísitandi misferli og röskun á rekstri sökum brottfalls lykilstarfsmanna.

22.3.3 Endurkröfuáhætta

Áhætta sem félagið stendur frammi fyrir, eftir að greitt hefur verið til viðskiptavina þess, að fram komi kröfur frá þriðja aðila sem draga hefði átt af greiðslu til viðskiptavina. Innan félagsins er fylgst með þróun endurkröfuhlutfalls af heildarveltu hjá seljendum. Félagið leggur mat á endurkröfuáhættu seljenda. Við mat er tekið tillit til tegundar viðskipta, viðskiptasögu og fleiri þátta. Einnig er stuðst við verklag er miðar að því að takmarka endurkröfuáhættu en samkvæmt verklagi er fylgst með stöðu seljenda og reynt að haga útgreiðslum svo að dregið verði úr mögulegu fjártjóni Borgunar hf. geti seljandi ekki staðið við skuldbindingar sínar.

22.3.4 Svikaáhætta

Áhættan á fjárhagslegu tapi vegna sviksamlegrar hegðunar frá kaupmönnum, korthöfum eða öðrum aðilum í þeim tilgangi að hagnast fjárhagslega.

22.3.5 Samþjöppunaráhætta

Helsta samþjöppunaráhætta félagsins tengist fæð viðskiptavina í útgáfuþjónustu, tengslum umboðssöluaðila (e. Independent sales organisations) við seljendur á Færsluhirðingarsviði og tegund viðskipta eftir MCC (e. Merchant Category Code) kóðum. Til að lágmarka áhrif áhættu tengdri því að viðskiptavinir í útgáfuþjónustu fari með viðskipti til annars útgáfuþjónustuaðila hefur félagið samið um tiltölulega langan uppsagnarfrest. Til að lágmarka áhættu af því að stór umboðsaðili Færsluhirðingarsviðs færi viðskipti til annars færsluhirðis hefur félagið lagt áherslu á fjölgun umboðsaðila og minnka þannig vægi einstakra umboðsaðila í heildarviðskiptum Færsluhirðingarsviðs. Til að lágmarka áhættu af samþjöppun vegna MCC kóða eru sett takmörk á veltu hvers MCC flokks.

22.3.6 Lagaleg áhætta

Áhættan á því að annað hvort túlkun samninga, laga eða reglugerða hafi neikvæð áhrif á afkomu, eigið fé eða neikvæð efnahagsleg áhrif nýrra reglugerða eða laga sökum fyrirbyggjandi aðgerða að hálfu félagsins.

22.3.7 Hlítningaráhætta

Áhættan á því að ekki sé farið eftir gildandi lögum, reglugerðum, reglum, fyrirmælum eða siðareglum sem hafi neikvæð áhrif á afkomu eða eigið fé.

22.3.8 Orðsporsáhætta

Áhættan á því að ímynd félagsins gagnvart viðskiptavinum, mótaðilum, alþjóðlegum kortafélögum eða eftirlitsaðilum hafi neikvæð áhrif á afkomu eða eigið fé.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

22.3.9 Uppgjörsáhætta

Áhættan á neikvæðum áhrifum á afkomu eða eigið fé sökum þess að Borgun hf. geti ekki gert upp við seljendur samkvæmt skilmálum samninga.

22.4 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum þegar þær gjaldfalla. Félagið þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Félagið hefur sett sér reglur varðandi lausafjástöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

Fylgst er með lausafjárahættu með skýrslum um lausafjárahlutfall sem gerðar eru mánaðarlega ásamt öðrum innri mælikvörðum. Lausafjárahlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra. Lausafjárahætta Borgunar er ekki veruleg sökum eðli starfsemi færsluhirðingar ásamt því að félagið tekur ekki við innlánum.

Samningsbundið sjóðsflæði fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:

Skuldir 31.12.2019	Innan 3 mán.	3 til 12 mán.	1-2 ár	Síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	15.416.073	0	0	0	15.416.073
Með fljótandi vöxtum	1.325	0	0	0	1.325
	<u>15.417.398</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>15.417.398</u>
Eignir 31.12.2019					
Óvaxtaberandi	6.187.444	0	0	0	6.187.444
Með fljótandi vöxtum	8.252.433	486.984	614.397	623.537	9.977.351
Með föstum vöxtum	1.254.974	1.392.765	1.025.377	4.551	3.677.667
	<u>15.694.851</u>	<u>1.879.749</u>	<u>1.639.774</u>	<u>628.088</u>	<u>19.842.462</u>
Hrein staða 31.12.2019	<u>277.453</u>	<u>1.879.749</u>	<u>1.639.774</u>	<u>628.088</u>	<u>4.425.064</u>
Skuldir 31.12.2018	Innan 3 mán.	3 til 12 mán.	1-2 ár	Síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	21.689.034	0	0	0	21.689.034
Með fljótandi vöxtum	1.137	0	0	403.906	405.043
	<u>21.690.170</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>403.906</u>	<u>22.094.077</u>
Eignir 31.12.2018					
Óvaxtaberandi	6.759.015	0	0	0	6.759.015
Með fljótandi vöxtum	15.498.178	453.285	622.360	533.673	17.107.496
Með föstum vöxtum	893.527	1.151.162	279.159	313.271	2.637.119
	<u>23.150.720</u>	<u>1.604.447</u>	<u>901.518</u>	<u>846.945</u>	<u>26.503.630</u>
Hrein staða 31.12.2018	<u>1.460.550</u>	<u>1.604.447</u>	<u>901.518</u>	<u>443.038</u>	<u>4.409.554</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

23. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélagið Íslandsbanki hf., dótturfélög hans, dótturfélög Borgunar hf., Eignarhaldsfélagið Borgun slf., stjórn Borgunar hf., forstjóri, forstöðumenn, framkvæmdastjórar, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24.

Viðskipti við tengda aðila aðra en þá sem eru taldir upp hér að neðan eru óveruleg. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Vísað er í skýringu 9 um laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda.

Viðskipti við tengd félög árið 2019

	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf.	22.538	4.084	915.295	1.658.024	1.710.645	935
B-Payment	17.247	0	0	215.916	466.490	20.999
	<u>39.785</u>	<u>4.084</u>	<u>915.295</u>	<u>1.873.940</u>	<u>2.177.135</u>	<u>21.934</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2018

	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf.	7.217	2.883	864.574	1.561.684	2.420.246	1.137
B-Payment	10.443	0	0	171.821	314.560	32.719
	<u>17.660</u>	<u>2.883</u>	<u>864.574</u>	<u>1.733.505</u>	<u>2.734.806</u>	<u>33.856</u>

24. Óvissar skuldir

Landsbankinn hf. hefur höfðað mál, vegna atvika er tengjast sölu á hlutum í Borgun hf. á árinu 2014 á hendur Borgun hf., fv. forstjóra Borgunar hf., Eignarhaldsfélaginu Borgun slf. og BPS ehf. til viðurkenningar á bótaskyldu stefndu vegna söluhagnaðar er Landsbankinn hf. telur sig hafa orðið af. Ekki er hægt að segja fyrir um fjárhagsleg áhrif málsins á Borgun hf. að svo stöddu.

25. Önnur mál

Á árinu tók gildi breyting á lögum nr. 50/1988 (lög um virðisaukaskatt). Með breytingu var afnumið ákvæði sem tók af allan vafa um að félaginu væri ekki skylt að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu erlendra umboðsaðila. Það er mat félagsins að þrátt fyrir breytingu eigi undanþága frá greiðsluskyldu enn við.

Stjórnendur telja að lagabreytingin sé ekki í takt við sambærilegar reglur hjá Evrópusambandinu og innan EES, þar sem ekki var innleitt í íslenskan rétt ákvæði evróputilskipunar þar sem þessi þjónusta er sérstaklega undanþeginn virðisaukaskattskyldu. Reynist túlkun Borgunar röng og þessi þjónusta reynist skattskyld leiðir slíkt til þess að íslensk færsluhirðingarfyrirtæki eru ekki samkeppnishæf á erlendri grundu og forsendur fyrir því að bjóða færsluhirðingarþjónustu þar brostnar. Nú þegar er hafin vinna hjá Fjármálaráðuneytinu til að eyða þessari óvissu. Ljóst er að ef þessi þjónusta yrði talin virðisaukaskattskyld þá varðar það verulega hagsmuni fyrir félagið.

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2020


Stjórn Borgunar hf. leggur áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti þannig að tryggt sé að starf stjórnar og félagsins sé á hverjum tíma í samræmi við lög, reglur og viðmið um góða viðskiptahætti. Yfirlýsingu þessari er ætlað að auka gagnsæi um stjórnarhætti félagsins til hagsbóta fyrir hluthafa og aðra hagsmunaaðila félagsins og er unnin í samræmi við Leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útg., 2015).

FÉLAGIÐ

Borgun hf. starfar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en Borgun hf. hefur starfsleyfi sem lánafyrirtæki. Borgun hf. fylgir jafnframt lögum um greiðsluþjónustu, lögum um aðgerðir gegn peningabævætti, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, innheimtulögum sem og öllum öðrum lögum og reglum sem við eiga um félagið. Frekari upplýsingar um lög og reglur sem eiga við um félagið má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins www.fme.is en Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi Borgunar hf. á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Framkvæmdastjórn

Stjórn ræður forstjóra og innri endurskoðanda. Forstjóri ræður aðra daglega stjórnendur. Innri endurskoðun heyrir undir stjórn. Svið félagsins eru átta talsins: Færsluhirðing, Útgáfa, Fjármál, Gæði og Öryggi, Mannauður, Lögfræði, Upplýsingatækni og Viðskiptaver. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra og sameiginlega mynda þeir framkvæmdastjórn með forstjóra. Áhættustýring, Regluvarsla og Viðskiptaþróun heyrja beint undir forstjóra.



Yfirlýsing um stjórnarhætti 2020

Innra eftirlit

Framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits er í samræmi við þriggja þrepa eftirlitslíkan (e. Three lines of defence) sem ætlað er að styðja við sterka áhættuvitund og skilvirkt áhættueftirlit. Fyrsta varnarlínan snýr að daglegum rekstri og samanstendur af tekju- og stoðeiningum félagsins. Önnur varnarlínan er áhættustýring og regluvarsla. Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun sem leggur, í umboði stjórnar, óháð og hlutlægt mat á skilvirkni stjórnarháttá, áhættustýringa og innra eftirlits. Varnarlínur eru nánar skilgreindar í áhættustjórnarskipunarstefnu félagsins (e. Risk Management and Internal Control Policy).

Stjórnendur einstakra eininga greina og meta reglulega áhættu á sínu ábyrgðarsviði og leggja mat á hvort rétt sé að innleiða ráðstafanir sem draga megi úr áhættu og hafa þá forgöngu um slíka innleiðingu. Það er á ábyrgð stjórnenda að kynna starfsmönnum þær reglur og aðrar ráðstafanir sem innleiddar hafa verið til að tryggja varnir félagsins gegn ytri og innri ógnum, sem og að viðeigandi starfsmenn hljóti þá þjálfun sem nauðsynleg er til að þeir geti uppfyllt skyldur sínar um varnir.

Áhættustýring

Áhættustýring er heildstæð og sjálfstæð eining sem er óháð öðrum starfseiningum Borgunar hf. Áhættustýring hefur yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins og sér til þess að fullnægjandi greining, mæling og skýrslugjöf fari fram. Áhættustjóri Borgunar hf. fer með dagleg verkefni í tengslum við áhættustýringu. Stjórn félagsins setur áhættustefnu og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Forstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn og hefur eftirlit með því að reglum sé framfylgt.

Markmið með áhættustýringu er að greina helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi félagsins, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða og þannig finna ásættanlegt jafnvægi milli lágmörkunar áhættu annars vegar og hámmörkunar tekna félagsins hins vegar. Hjá félaginu starfar áhættustjóri sem ber ábyrgð á áhættustýringarsviði og skilgreinir dagleg verkefni sviðsins.

Áhættustjóri er ábyrgur fyrir því að veita víðtækar upplýsingar og ráðgjöf um öll mál sem tengjast áhættustýringu innan Borgunar sem gerir stjórn, forstjóra og æðstu stjórnendum kleift að skilja heildaráhættu fyrirtækisins. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn sviða bera hver um sig ábyrgð gagnvart forstjóra á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa.

Áhættumat, einkum ákvörðun raungildis þess, ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna er eitt af helstu verkefnum fjármálafyrirtækja. Margir áhættuþættir geta haft áhrif á rekstur félagsins. Það er stefna stjórnar félagsins að fylgst skuli sífellt með og helstu áhættuþáttum stjórnað, sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé félagsins. Árlega framkvæmir félagið innra mat á helstu áhættuþáttum og lausafjáráhættu og setur fram í svonefndum ICAAP/ILAAP skýrslum (Internal Capital and Liquidity Adequacy Assessment Process).

Áhættustjóri er óháður viðskiptaeiningum og heyrir beint undir forstjóra. Hann á sæti í öllum æðstu nefndum félagsins og hefur heimild til að deila álitinu sínu beint til forstjóra eða stjórnar þegar slíkt er nauðsynlegt að hans mati.

Reikningsskil og endurskoðun

Fjármálasvið Borgunar hf. gerir reikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Stjórn félagsins leggur fyrir aðalfund ár hvert tillögu um ytri endurskoðanda sem kosinn er samkvæmt samþykktum félagsins. Meginhlutverk ytri endurskoðanda er að tryggja með góðri endurskoðunarvenju réttlæta ársreiknings þ.e. að hann gefi glögga mynd af afkomu og efnahag og sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna sem um félagið gilda.

Innri endurskoðun

Stjórn ræður innri endurskoðanda og ritar undir erindisbréf hans. Endurskoðunarnefnd samþykkir árlega endurskoðunaráætlun innri endurskoðanda. Félagið nýtir sér heimild í 5. mgr. 16.gr laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sbr. einnig leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2011 um undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum. Innri endurskoðun er útvistað til endurskoðunardeildar Íslandsbanka hf., móðurfélags Borgunar. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita félaginu hlutlaust mat á því hvort áhættustýring, innra eftirlit og stjórnarhættir þess séu fullnægjandi.

Regluvörður

Regluvörður Borgunar hf. er hluti af innra eftirlitskerfi félagsins og starfar samkvæmt erindisbréfi sem er samþykkt af stjórn félagsins. Hlutverk regluvarðar er að gæta að því með frumkvæðisúttektum að innra skipulag Borgunar hf. sé í samræmi við gildandi lög, lögboðnar reglur og stjórnvaldsfyrirmæli er eiga við um starfsemi félagsins. Þá er regluvörður jafnframt ábyrgðarmaður skv. 22. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006. Það er hlutverk regluvarðar að tryggja að Borgun hf. uppfylli ávallt skyldur sínar samkvæmt lögnum og leiðbeinandi tilmælum

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2020

Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Hlutverk regluvarðar felst m.a. í að framkvæma úttektir á viðeigandi starfsemi, tryggja að Borgun fylgist með óeðlilegum færslum fjármuna og slíkt sé tilkynnt til viðeigandi yfirvalda í samræmi við lög, reglur og innri viðmið félagsins, taka við tilkynningum frá starfsmönnum félagsins þar sem grunur leikur á um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, veita stjórn og starfsmönnum félagsins fræðslu, ráðgjöf og aðstoð sem geri þeim kleift að inna störf sín af hendi í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

Gildi, siðferðisviðmið og samfélagsleg ábyrgð

Borgun hf. hefur skilgreint og innleitt þau gildi sem félagið vill starfa eftir. Gildin sem höfð eru að leiðarljósi í öllum verkum félagsins eru „Vilji - Virði - Vissa“.

Á árinu tóku gildi hjá Borgun nýjar starfs- og siðareglur, stefna um samfélagslega ábyrgð var sett og má nálgast stefnu á vefsíðu félagsins. Þá var einnig sett jafnlaunastefna og unnið að jafnlaunavottun sem félagið fékk formlega þann 28. janúar 2020.

STJÓRN BORGUNAR

Után hluthafafunda fer stjórn Borgunar hf. („Borgun“) með æðsta vald í málefnum félagsins.

Hlutverk stjórnar Borgunar er afmarkað í hlutfélagalögum og í samþykktum félagsins. skv. 2 másl. 17. gr. samþykkt félagsins ber stjórn að stýra öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gæta hagsmuna þess gagnvart þriðja manni.

Innan ofangreinds ramma hefur stjórn Borgunar nánar skilgreint hlutverk sitt og verkefni í starfsreglum stjórnar. Þannig hefur stjórn „eftirlit með rekstri félagsins, setur félaginu áhættustefnu og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Stjórn leitast við að greina þá áhættu sem fylgir starfsemi félagsins og setja áhættu á hverju starfssviði ásættanleg mörk. Stjórn leggur áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti þannig að tryggt sé að starf stjórnar og félagsins sé á hverjum tíma í samræmi við lög, reglur og viðmið um góða viðskiptahætti. Þá vinnur stjórn félagsins að því að marka félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur og hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

Stefnumótunarhlutverk stjórnar hefur beinst að verkefnum sem lúta að greiningu á ástæðum versnandi afkomu af rekstri, úrvinnslu athugasemda frá eftirlitsaðilum og alþjóðlegu kortafélögum, yfirstandandi sölufurli og samþættingu á rekstri við dótturfélagið B-Payment.

Stjórn setur sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd stjórnarstarfa, ábyrgð og skyldur stjórnar.

Samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar má nálgast á heimasvæði Borgunar hf. www.borgun.is.

Stjórn ræður innri endurskoðanda, ritar undir erindisbréf hans og samþykkir árlega endurskoðunaráætlun. Skýrslur og niðurstöður úttekta innri endurskoðanda eru birtar stjórn milliliðalaust að lágmarki tvisvar árlega.

Stjórn staðfestir ráðningu regluvarðar félagsins, ritar undir erindisbréf hans og samþykkir árlega starfsáætlun hans. Skýrslur og niðurstöður regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust að lágmarki tvisvar á ári. Regluverði verður ekki vikið frá störfum nema með samþykki stjórnar.

Stjórn staðfestir ráðningu áhættustjóra sem starfar samkvæmt starfslýsingu sem skal á hverjum tíma endurspegla ákvæði laga og reglna sem segja fyrir um skyldur áhættustjóra. Starfslýsing áhættustjóra er endurskoðuð árlega eða oftár ef þörf krefur. Áhættustjóra verður ekki vikið frá störfum nema með samþykki stjórnar.

Stjórn ákveður hver eða hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið með samþykkt undirskriftarreglna og undirskriftarbókar.

Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram og samþykkir starfsáætlun fyrir starfsárið. Samkvæmt starfsáætlun hittist stjórn mánaðarlega yfir starfsárið eða oftár ef þurfa þykir. Á starfsárinu voru haldnir 18 stjórnarfundir, þar af voru 15 fundir samkvæmt starfsáætlun og 3 aukafundir. Til aukafunda var boðað til að fjalla um málefni er tengdust dótturfélagi, skipulagsbreytingum og öðrum verkefnum sem þurfti að afgreiða fyrir næsta reglulega stjórnarfundu. Á einum fundi þurfti að boða varamann vegna fjarveru stjórnarmanns en á öllum öðrum fundum var stjórn fullskipuð.

Árangursmat stjórnar

Stjórn Borgunar hf. framkvæmdi í desember sl. árangursmat án utanaðkomandi ráðgjafa. Framkvæmd var í samræmi við gr. 2.6. í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í sjálfsmatinu var m.a. fjallað um framkvæmd stjórnarfundu, verkefni stjórnar, upplýsingagjöf til stjórnar, framkvæmd stefnumótunar og framtíðarsýnar og bakgrunn, hæfni og virkni stjórnarmanna.

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2020

Á aðalfundi 2019 voru kjörnir í stjórn samkvæmt þágildandi samþykktum félagsins 5 menn og 2 til vara. Þar af voru 4 karlar og 3 konur. Allir stjórnarmenn Borgunar hf. eru óháðir Íslandsbanka hf., móðurfélagi Borgunar hf. Er skipun stjórnar því í samræmi við ákvæði sátta Íslandsbanka og Borgunar hf. við Samkeppniseftirlitið sem undirritaðar voru í júlí og ágúst 2014. Í sáttunum var sett fram það skilyrði að stjórnarmenn Borgunar skuli vera óháðir eigendum sem eru fjármálafyrirtæki.

Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Við val stjórnarmanna skal gætt að ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, laga um hlutafélög og samkomulaga Borgunar hf. og Samkeppniseftirlits frá því í desember 2007 og ágúst 2014.

Tveir stjórnarmenn Borgunar hf., þeir Halldór Kristjánsson og Óskar Veturliði Sigurðsson, sitja í stjórn annars stærsta hluthafa félagsins, Eignarhaldsfélagsins Borgun slf., sem á 32% hlut í félaginu. Annar stjórnarmannanna heldur á hlutum í Borgun hf. í gegnum áðurnefnt samlagsfélag og hinn er venslaður aðila sem heldur á hlutum í Borgun hf. í gegnum samlagsfélagið. Aðrir stjórnarmenn eru með öllu óháðir bæði félaginu og eigendum þess. Með því að fylgja starfsreglum stjórnar telur stjórn að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra og er hér sérstaklega vísað til 5. og 9. kafla starfsreglna stjórnar.

Stjórn Borgunar hf. var svo skipuð á starfsárinu:

Stjórnarformaður

Elín Jónsdóttir (1966) er lögfræðingur með Cand.Jur. gráðu frá Háskóla Íslands og LL.M. gráðu frá Duke University. Hún hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum og MBA gráðu frá Stockholm School of Economics. Elín er sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Íslandsbanka, forstjóri Bankasýslu ríkisins, framkvæmdastjóri Arev Verðbréfafyrirtækis og sem lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu. Hún hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum. Elín situr í stjórn Samtaka um Kvænnaathvarf og er stjórnarformaður Arnrúnar íbúðarfélags hses. Elín var kjörin í stjórn Borgunar hf. í mars 2018. Elín heldur ekki á hlutum í félaginu og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Varaformaður

Halldór Kristjánsson (1952) er rafmagnsverkfræðingur, Cand Scient. og eMBA og hefur Microsoft Office Specialist í Project verkefnastjórnun og Microsoft Certified Professional (MCP) gráður í stýrikerfum og netum. Halldór er framkvæmdastjóri Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar ehf. Á árunum 1976-1978 starfaði Halldór sem verkfræðingur á verkáætlanadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur og á árunum 1978-1986 starfaði Halldór sem verkfræðingur í tölvu- og rafeindatæknideild Smith og Norland. Þann 1. mars 1986 stofnaði Halldór Tölvu- og verkfræðiþjónustuna ehf. Halldór var kjörinn í varastjórn Borgunar hf. þann 30. mars 2011 og sem aðalmaður í stjórn þann 16. febrúar 2012. Halldór heldur ekki á eignarhlutum í Borgun hf. en er venslaður aðila sem heldur óbeint á hlutum í Borgun hf. Halldór situr í stjórn Eignarhaldsfélagsins Borgun slf., Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar ehf., Símtaks ehf., Heimavalla hf., S73-77 ehf., E6 ehf., Tomato ehf., SIO ehf., Stálskips ehf., Fjárfestingarfélagins Hlíð ehf. og NH eigna ehf. Halldór hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Aðrir stjórnarmenn

Ari Danielsson (1972) er tölvunarfræðingur og MBA frá Háskólanum í Reykjavík auk þess að hafa lokið viðbótarnámi í stjórnun frá INSEAD viðskiptaháskólanum í Frakklandi. Hann er framkvæmdastjóri og stjórnarmaður hjá Reviva Capital S.A. sem er sérhæft eignastýringarfyrirtæki í Lúxemborg, þar sem hann var búsettur á árunum 2008 til 2018. Ari á sæti í stjórnnum ýmissa fasteigna- og eignarhaldsfyrirtækja í Lúxemborg, Danmörku og Finnlandi. Á árunum 2006 til 2009 gegndi Ari ýmsum stjórnunarstörfum hjá Glitni banka á Íslandi og í Lúxemborg en frá 1999 til 2006 starfaði hann við rekstur hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrtækisins Mentis hf. Ari tók sæti í stjórn Borgunar í mars 2018 og var einnig stjórnarmaður í félaginu á árunum 2006 til 2008. Ari heldur ekki á hlutum í Borgun og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Björg Sigurðardóttir (1959) er viðskiptafræðingur með Cand. Oecon. gráðu frá Háskóla Íslands. Hún varð löggiltur endurskoðandi árið 1989 og er nú sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Björg vann sem endurskoðandi og var meðeigandi Deloitte á Íslandi fram til ársins 2013. Björg var fyrst kjörin í stjórn Borgunar 19. febrúar 2015. Önnur trúnaðarstörf Bjargar eru seta í stjórn Eftirlitsnefndar fasteignasala frá 2010 ásamt því að hafa setið í stjórn Deloitte árin 2006-2013, verið yfirmaður siðamála hjá Deloitte 2011-2013 og setið í nokkrum nefndum Félags löggiltra endurskoðenda á árunum 1995-2014. Björg heldur ekki á hlutum í Borgun og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2020

Óskar Veturliði Sigurðsson (1974) er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Á árunum 1998-2003 starfaði Óskar hjá Kreditkorti hf. við áhættu- og fjárstýringar, á árunum 2002-2007 hjá Actavis Group sem forstöðumaður áhættu- og fjárstýringar (e. Group Treasury), árið 2008 starfaði Óskar hjá Baugur London, capital structuring, á árunum 2009-2012 við ýmis ráðgjafastörf og sem ráðgjafi ISB korta árið 2014. Óskar var fyrst kjörinn í stjórn Borgunar þann 19. febrúar 2015. Óskar situr í stjórn Spectabilis ehf., Eignarhaldsfélagsins Borgun slf., Orbis Borgun slf. og Orbis GP ehf. Eignarhlutur Óskars nemur 0,7% í Borgun. Óskar hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Varamenn stjórnar eru Kristín Magnúsdóttir og Benedikt Orri Einarsson.

Undirnefndir stjórnar

Endurskoðunarnefnd

Stjórn skipar fulltrúa í endurskoðunarnefnd sbr. IX kafla A, laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Á síðasta starfsári skipuðu nefndina þrír stjórnarmenn Borgunar hf. þau Björg Sigurðardóttir, Halldór Kristjánsson og Óskar Veturliði Sigurðsson. Formaður endurskoðunarnefndar er Björg Sigurðardóttir. Innri endurskoðandi Borgunar hf., sem setið hefur nánast alla reglulega fundi nefndarinnar, hefur verið henni til ráðgjafar. Endurskoðunarnefnd samþykkir eigin starfsáætlun í upphafi starfsárs og er starfsáætlun nefndarinnar kynnt stjórn. Á starfsárinu fundaði nefndin 9 sinnum, þar af voru 6 fundir samkvæmt starfsáætlun og 3 aukafundir, og var nefndin fullskipuð á öllum fundum. Nefndin skilaði skýrslu til stjórnar um störf sín í lok starfsársins. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má nálgast á heimasvæði Borgunar hf. www.borgun.is.

Áhættunefnd

Stjórn skipar fulltrúa í áhættunefnd í samræmi 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Á síðasta starfsári skipuðu nefndina þrír stjórnarmenn Borgunar hf. þau Ari Daníelsson, Elín Jónsdóttir og Óskar Veturliði Sigurðsson. Formaður áhættunefndar er Ari Daníelsson. Áhættunefnd samþykkir eigin starfsáætlun í upphafi starfsárs og er starfsáætlun nefndarinnar kynnt stjórn. Á starfsárinu fundaði nefndin 7 sinnum og var nefndin fullskipuð á öllum fundum. Nefndin skilaði skýrslu til stjórnar í lok starfsársins. Starfsreglur áhættunefndar má nálgast á heimasvæði Borgunar hf. www.borgun.is.

Tilnefningarnefnd

Stjórn hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd eins og mælt er til í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Ákvörðun þar um byggir stjórn m.a. á því að einungis tveir hluthafar fara með 94,35% hlutfjár og ekki þykir ástæða til að skipa nefnd til að taka við og rýna tillögur hluthafa um stjórnarmenn.

Stjórnarháttá- og starfskjaranefnd

Stjórn skipar fulltrúa í stjórnarháttá- og starfskjaranefnd eins og mælt er til í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Á síðasta starfsári skipuðu nefndina tveir stjórnarmenn Borgunar hf. þau Elín Jónsdóttir og Halldór Kristjánsson. Formaður stjórnarháttá- og starfskjaranefndar er Elín Jónsdóttir. Stjórnarháttá- og starfskjaranefnd samþykkir eigin starfsáætlun í upphafi starfsárs og er starfsáætlun kynnt stjórn. Á starfsárinu fundaði nefndin 8 sinnum og var nefndin fullskipuð á öllum fundum. Nefndin skilaði skýrslu til stjórnar um störf sín í lok starfsársins. Starfsreglur stjórnarháttá- og starfskjaranefndar má nálgast á heimasvæði Borgunar hf. www.borgun.is.

FORSTJÓRI

Stjórn ræður forstjóra og veitir honum laun og ákveður laun og ráðningarkjör. Verksvið og ábyrgð forstjóra er skilgreint í starfsreglum stjórnar, undirskriftarreglum og verklýsingu sem samþykkt er af stjórn. Daglegur rekstur félagsins er í höndum forstjóra. Forstjóra til aðstoðar eru yfirmenn deilda og sviða sem sitja í framkvæmdastjórn félagsins. Framkvæmdastjórn hittist á vikulegum fundum sem stýrt er af forstjóra.

Forstjóri Borgunar, frá 11. janúar 2018, er **Sæmundur Sæmundsson** (1962). Sæmundur er með BS gráðu í tölvunarfræði frá University of Texas (1993), auk þess að hann hefur sótt ýmis námskeið tengd stjórnun og rekstri, þ. á. m. The Executive Program við Darden Business School, University of Virginia. Frá 1998 til 2011 var Sæmundur forstjóri Teris og frá 2011 til 2017 var hann framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Sjóvá-Almennra trygginga hf. Sæmundur heldur ekki á bréfum í félaginu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við forstjóra. Sæmundur gegnir ekki trúnaðarstörfum fyrir aðra aðila en félagið að því undanskildu að hann situr í stjórn félaganna Skuggsjá sf. og Festu - miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Sæmundur hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2020

Tilhögun samskipta milli hluthafa og stjórnar

Hluthafar voru 44 talsins í árslok 2019. Stjórn hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög. Stjórnarformaður stýrir samskiptum við hluthafa. Stjórnarmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni félagsins og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda.

UPPLÝSINGAR UM BROT Á LÖGUM OG REGLUM SEM VIÐEIGANDI EFTIRLITS- OG/EDA ÚRSKURÐARAÐILI HEFUR ÁKVARÐAÐ

Borgun leggur áherslu á að eiga gott samstarfs við eftirlitsaðila og bárust félaginu engar athugasemdir frá eftirlitsaðilum árið 2019. Stjórn lét framkvæma úttekt á stjórnarháttum hjá félaginu í lok árs 2018 og á árinu 2019 var unnið í samræmi við niðurstöður þeirrar úttektar. Upplýsingar um málaferli er að finna í skýringu 24 með ársreikningi.

BORGUN



Borgun hf.
440686-1259
www.borgun.is